

Reglur um hvatapeninga árið 2022

Hvatapeningar ársins 2022 eru 40.000 krónur á barn. Öll börn á aldrinum **0-18** ára, með lögheimili í Akrahreppi, fá hvatapeninga, þ.e. börn fædd eftir 2003. Hvatapeningana er hægt að nýta til að greiða niður gjöld í skipulögðu íþrótta-, lista- og æskulýðsstarfi sem stundað er reglulega. Hvatapeninga ársins 2022 er hægt að nýta vegna reikninga sem gefnir eru út á árinu 2022. Réttur til hvatapeninga fyrir árið 2022 fellur niður í árslok. Ónýttir hvatapeningar fynast í lok árs.

Reglur um notkun hvatapeninga:

1. Skilyrði þess að hægt sé að nýta Hvatapeningana er að um skipulagt íþrótta-, lista- eða æskulýðsstarf sé að ræða og sé stundað undir leiðsögn þjálfara, leiðbeinenda eða kennara. Þetta á við um allt skipulagt íþrótta- og æskulýðsstarf sem stundað er á vegum viðurkenndra íþróttafélaga, tónlistarskóla, skáta og annað skipulagt tómsunda- og íþróttastarf sem stendur yfir í 10 vikur eða lengur.

2. Hvatapeninga er ekki hægt að nýta til kaupa á æfingakorti í líkamsræktarstöð en skipulögð unglinganámskeið innan líkamsræktarstöðva falla undir styrkinn. Undantekning frá þessu eru ungmenni í þremur elstu árgöngunum, þ.e. þau sem eru fædd 2004, 2005 og 2006 en þau geta nýtt hvatapeninga til kaupa á æfingakortum.

Úthlutun hvatapeninga fer fram í gegnum skráningarkerfið Nóra vegna starfs hjá þeim félögum sem tengd eru við skráningarkerfi Nóra. Þegar hvatapeningar eru nýttir í gegnum skráningarkerfi Nóra þarf að haka í kassann "Nota Frístundastyrk Skagafjarðar" og þá lækkar upphæð æfingagjalda um þá upphæð sem nemur inneign hvatapeninga fyrir barnið. Athugið að ekki er hægt að endurgreiða eða bakfæra styrk frá félögum þegar foreldri/forráðamaður hefur ráðstafað styrknum til félags.

Ef félög eru ekki tengd við skráningarkerfið Nóra, eða ef börn eru yngri en 5 ára, þarf að koma reikningi til oddvita Akrahrepps með upplýsingum um upphæð hvatapeninga sem á að nýta sem og upplýsingum um hvert á að endurgreiða. Athugið að ekki er hægt að koma með reikninga til endurgreiðslu hvatapeninga vegna félaga sem tengd eru Nóra.

Samþykkt á fundi hreppsnefndar Akrahrepps þann 29. nóvember 2021.